

Fundargerð 998. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2026, föstudaginn 8. maí kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Hjördís Ýr Johnson, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson og Margrét Ólöf A. Sanders.

Walter Fannar Kristjánsson boðaði forföll, varafulltrúi hans hafði ekki tæk á að sitja fundinn í hans fjarveru.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 997. fundar - 2510044SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 997. fundar stjórnar Sambandsins frá 17. apríl 2026, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Rannsóknarnefnd fósturheimila og sanngirnisbætur - 2605003SA

Lagt fram sem trúnaðarmál.

Yfirlögfræðingi falið að vinna málið áfram m.v. umræður á fundinum.

3. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um landsáætlun vegna sjaldgæfra sjúkdóma fyrir árin 2026-2030 - 2604012SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 15. apríl 2026, um tillögu til þingsályktunar um landsáætlun vegna sjaldgæfra sjúkdóma fyrir árin 2026-2030, 566. mál.

4. Umsögn um frumvörp er varða flutning verkefna heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga til ríkisins - 2604016SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til nefnda- og greiningarsviðs Alþingis, dags. 16. apríl 2026, um frumvarp til laga vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum (einföldun eftirlits), 582. mál, og frumvarp til laga um Stofnun atvinnuveganna, 568. mál.

5. Tilnefning í verkefnisstjórn um gerð landsáætlunar um landgræðslu og skógrækt - 2603012SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 27. apríl 2026, þar sem Helga María Pálsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í

verkefnisstjórn um gerð landsáætlunar um landgræðslu og skógrækt, og Freyja Pétursdóttir, sérfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, til vara.

6. **Tilnefning í stýrihóp um framkvæmd og innleiðingu forvarnaráætlunar gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi meðal barna og ungmenna - 2603023SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 28. apríl 2026, þar sem Freyja Sigurgeirsdóttir, lögfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í stýrihóp um framkvæmd og innleiðingu forvarnaáætlunar gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi meðal barna og ungmenna 2026-2030, og Helga María Pálsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Sambandsins, til vara.

7. **Umsögn um frumvarp til heildarlaga um barnavernd - 2604018SA**

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 17. apríl 2026, um frumvarp til heildarlaga um barnavernd, 580. mál.

Fundi var slitið kl. 09:00